

Starfsáætlun Vinahóls

Frístundar Kársnesskóla

2024-2025



VINAHÓLL FRÍSTUND

VINAHOLL@KOPAVOGUR.IS

441-4634

Natalia Irena Bronszewska, forstöðumaður Vinahóls

vinaholl@kopavogur.is

Hagnýtar upplýsingar

Vinahóll er staðsettur í hallargarðinum á skólalóð Kársnesskóla við Kópavogsbraut. Forstöðumaður Vinahóls er Natalia Irena Bronszewska og aðstoðarforstöðumaður er Snorri Sævar Konráðsson.

Foreldrar barna í 1. - 4. bekk eiga kost á gæslu fyrir börn sín á frístundaheimililinu gegn mánaðarlegu gjaldi. Frístundaheimilið er opið mánudaga - föstudaga frá kl. 13:20 - 16:30.

Í Vinahól er áhersla lögð á kurteisi, góða umgengni, uppbyggjandi samskipti, frjálsan leik og útivist. Í Vinahól dvelja börn við leik og skapandi störf í umsjá frístundaleiðbeinenda eftir að skóla lýkur.

Skráning barna í frístund fer fram í gegnum þjónustugátt Kópavogs. Notast er við skráningarkerfið Vala, þar er svo einnig hægt að skrá tómstundir barna og breyta vistunartíma barna.

Hægt er að hafa samband í síma 441-4634 og í gegnum netfangið vinaholl@kopavogur.is

Forföll og leyfi

Ef börn eru veik eða í leyfi út skóladaginn nægir að láta skólaritara vita um morguninn. Ef barn fer heim á miðjum skóladegi eða er í leyfi einungis í frístund en ekki á skólatíma skal tilkynna það til Vinahóls fyrir kl 12:30 í síma 441-4634 eða senda póst á vinaholl@kopavogur.is. Einnig skal það tilkynnt til Vinahóls ef breyting verður á því hver sækir barnið og/ eða barnið má fara heim með öðrum.

Foreldrar eru beðnir að hringja ekki í Vinahól milli kl. 12:30 – 16:30 nema nauðsyn krefji.

Uppbrotisdagar og opnunartímar

Á uppbrotisdögum þarf sérstaklega að skrá barnið í „lengd viðvera“ í gegnum Vala.is. Skráning fyrir alla uppbrotisdaga eða jóla- og páskafrí er auglýst í gegnum tölvupóst. Mikilvægt er að skrá börnin sín í lengda viðveru þar sem einungis er tekið við skráðum börnum þessa daga. Ekki er hægt að taka við óskráðum börnum þessa daga né hægt að skrá eftir að skráningu lýkur.

- Á foreldraviðtals og skipulagsdögum skólans er opið í Vinahól frá kl. 8:00 – 16:30 þó á frístund tvo skipulagsdaga yfir skólaárið þar sem lokað er í frístund. Skipulagsdagar Vinahóls á þessu skólaári eru 13. nóvember og 12. mars.
- Í vetrarfríum skólans er lokað í Vinahól.
- Sumaraðlögun er val og opið er í frístund fyrir verðandi fyrstu bekkinga í hálfan mánuð í ágúst.
- Opið er í jóla og páskafríi. Skrá þarf barn sérstaklega í þessa opnunardaga í þjónustugátt og rukkað er aukalega fyrir þá.

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna skráð í Vinahól: 214

Fjöldi barna í 1. bekk: 58

Fjöldi barna í 2. bekk: 71

Fjöldi barna í 3. bekk: 67

Fjöldi barna í 4. bekk: 18

Gjaldskrá og innheimta



Gjaldskrá frístunda í Kópavogi er hægt að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar á slóðinni <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>.

Á vefsíðunni er smellt á gjaldskrá frístundar í grunnskólum til að skoða gjaldskrá og upplýsingar um afslætti í frístund. Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund fer í gegnum innheimtudeild Kópavogsbæjar og fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

Frístund				
Gildir frá 1. júlí 2024				
Dvalarstundir	Almennt gjald	Annað barn með systkinaafsl.	Þriðja barn með systkinaafsl.	Fjórða barn með systkinaafsl.
Allt að 20 klst á mán	9.406 kr.	6.584 kr.	2.352 kr.	-
21-40 klst á mán	16.468 kr.	11.528 kr.	4.117 kr.	-
41-60 klst á mán	21.958 kr.	15.371 kr.	5.490 kr.	-
61-80 klst á mán	25.878 kr.	18.115 kr.	6.470 kr.	-
Matargjald á dag	175 kr.	175 kr.	175 kr.	175 kr.

- 1. hvers mánaðar er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftir á.
- 10. hvers mánaðar er eindagi.
- 12. hvers mánaðar sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- 20. hvers mánaðar hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- 10. næsta mánaðar fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd að tveimur mánuðum liðnum skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Umsóknir um áskrift og afslætti í frístund fara eingöngu fram í þjónustugátt Kópavogsbæjar sem og breytingar á vistun og uppsögn á plássi í Vinahól.

Starfið í vetur

Áherslur í starfi

Í Vinahól er rík áhersla lögð á jákvæð samskipti og vellíðan barna. Gildi Vinahóls eru þau sömu og í Kársnesskóla sem eru þekking, virðing, ábyrgð og ánægja. Starfsmenn Vinahóls ber að fara eftir samskiptastefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Sú stefna leitast eftir því að efla innri hvata barna til að verða gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Börn fá tækifæri til þess að læra af mistökum sínum og sýna hvort öðru tillitsemi. Markmið Vinahóls er að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggilegan máta, efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu sem og að bjóða upp á öruggt umhverfi. Með markvissri útiveru sem er frá 13:20 til 14:30 er stuðlað að líkamlegu heilbrigði barnanna og frjálsum leik þeirra.

Dagsskipulag 1. og 2.bekkjara

Hefðbundinn dagur í Vinahól hjá 1. og 2. bekk hefst með útiveru á útivistarsvæðinu sem er fyrir framan aðalbyggingu skólans. Á meðan að útiveru stendur skiptast hópar á að fara inn og fá sér síðdegishressingu. Eftir útiveru er boðið upp á val á valtöflu frá 14:30-15:45. Í vali gefst börnum kostur á að velja úr ýmsum athöfnum líkt og að föndra, púsla, kubba, spila, leika í dúkku- og bílaleikjum o.s.frv. Valtafla er einnig notuð í þeim tilgangi að efla lýðræði barnanna með því að veita þeim frelsi til að velja hvar þau vilja leika hverju sinni.

Einn dag í viku er ekki notast við valtöflu heldur skiptum við börnunum í hópa í inniverunni sem skiptast á að fara á mismunandi stöðvar. Hóparnir fara á bókasafn, í innileiki, föndur, spilakennslu og í leikræna leiki með frístundaleiðbeinendum svo dæmi séu nefnd.

Boðið er uppá kennaratíma tvísvar í viku fyrir börn í 1. og 2. bekk. Á mánudögum kemur Ingi Tandri skákmeistari til okkar og tekur að sér hóp í 40 mínútur. Á miðvikudögum tekur Guðni Kárasón, íþróttakennari, að sér hóp í 40 mínútur í íþróttahúsi skólans.



Dagsskipulag 3. og 4.bekkjara

Á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum eru 3. og 4.bekkur hópuð saman í klúbbastarf. Þau mæta í Vinahól og frístundaleiðbeinandi tekur á mótí þeim og sendir þau í

klúbbastarf sem er í umsjón kennara. Eftir klúbbastarfið er boðið uppá hressingu, svo fara krakkarnir í útiveru. Á mánudögum og föstudögum eru 3. og 4. bekkur í sal skólans þar sem boðið er upp á val milli útiveru, frjáls leiks, föndurs, legó, púsl eða spila í umsjá frístundaleiðbeinenda. Á föstudögum er einnig boðið uppá bíó.

Klúbbanir sem eru í boði:

- Myndment – Halldóra Águstsdóttir, myndmenntakennari
- Danskennsla – Sóley Ægisdóttir, grunnskólakennari á yngstastigi
- Smíði – Sigríður H. Pálsdóttir, smíðakennari
- Tónmennt – Þóra Marteinsdóttir, tónmenntakennari
- Spilakennsla – Víðir Þórarinsson, grunnskólakennari á elsta stigi
- Heimilisfræði – Guðfinna Guðmundsdóttir, heimilisfræðikennari
- Textílmennt – Erla Torfadóttir, grunnskólakennari á yngstastigi
- Skákkennsla – Ingi Tandri Traustason, skákmeistari
- Lego – Unnur Magnúsdóttir, grunnskólakennari á yngstastigi
- Íþróttir – Tinna Viðarsdóttir, íþróttakennari
- Vinahólsklúbbur – Snorri Sævar Konráðsson, aðstoðarforstöðumaður Vinahóls

Samstarf við íþróttta- og tómstundastarf.

Íþróttafélögin Breiðablik, Gerpla og HK í samstarfi við Kópavogsbæ bjóða uppá Frístundaakstur sem sækir börn úr frístund mánudaga til fimmtudaga og keyrir þau á æfingastöðvar íþróttafélagana. Starfsmenn Vinahóls sjá um að safna börnunum saman og senda þau í réttu rútú. Foreldrar þurfa að skrá inná Völu hvaða daga og hvaða vagn börn nota og starfsmenn fara eftir þeim upplýsingum þegar safnað er saman börnum í rútuna. Einn af starfsmönnum Vinahóls fylgir börnunum í rútuna og passar að allir eru öruggir í rútunni og að krakkarnir fara út á réttum æfingastöðum.

Við sendum börn labbandi á æfingastöðvar í nágreninu, til dæmis á sundæfingar í Kópavogslaug, handboltaæfingar í Íþróttahúsi Kársnesskóla og í tónlistarskóla Kópavogs sem er í Hamraborginni. Við erum einnig í samstarfi við Kópavogskirkju og á miðvikudögum kemur starfsmaður kirkjunar að sækja börn í Vinahól sem eru skráð í Kirkjustarfið.

Skólabragur/reglur

Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og allir fái að njóta sín. Að börnin séu virkir þátttakendur í leik og starfi og fái tækifæri til að velja verkefni, vinna í hópum og frjálsum leik. Í Vinahól frístund er lögð áhersla á kurteisi, góða umgengni, uppbyggjandi samskipti, frjálsan leik og markvissa útivist.

Skólareglur Vinahóls eru eftirfarandi:

- Við göngum á ganginum og inni.
- Við hjálpumst öll að við að ganga frá.
- Við förum vel með dótið.
- Við komum vel fram við hvert annað.
- Við notum ekki síma í frístund.

Ágreiningsmál

Ef upp kemur ágreiningsmál barnanna á milli þá fylgjumst við vel með samskiptum í samvinnu við skólann og haft er samband við foreldra ef hlutir versna eða haldast í sama fari eftir að búið er að ræða við börnin. Í nóvember er árlegur baráttudagur gegn einelti. Fyrsta vikan í nóvember er því tileinkuð þessari baráttu og reynt er að efla börn til þáttöku í ýmsum vináttuverkefnum ásamt því að þau fá fræðslu um vináttu og skaðsemi eineltis.

Barnaráð

Barnaráð er vettvangur barnanna til að hafa áhrif á starfið í Vinahól og taka ákvarðanir í sambandi við dagskrá, gildi, hressingu, öðruvísi daga og ýmislegt sem upp kemur í daglegu starfi. Markmið ráðsins er að heyra raddir barnanna varðandi væntingar þeirra og vonir til frístundar. Með virku barnalýðræði er stefnt að því að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð barnanna. Í barnaráði sitja forstöðumaður og einn frístundaleiðbeinandi ásamt börnunum. En barnaráð mun ávallt vera val fyrir barnið og ef það vill ekki taka þátt, þá hefur það val um að gera annað. Fundað er einu sinni í mánuði. Á fundum barnaráðsins læra börnin lýðræðisleg vinnubrögð eins og að hlusta hvert á annað og fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Öll börn fá kost á því að vera umsjónarmenn í Vinahól, umsjónarmenn velja hvaða dót er í boði hverju sinni á valtoflunni og hafa þannig áhrif á starfið í frístund.

Foreldrasamstarf

Lögð er áhersla á gott samstarf milli foreldra og Vinahóls. Öllum póstum sem berast er svarað samdægurs og öll skilaboð sem berast er farið yfir um leið og þau berast. Dagskipulag fyrir Vinahól frístund/ klúbbastarf ásamt hópaskiptingu fyrir hvora önn í klúbbum er sent til foreldra. Við erum með lokaða facebook síðu sem heitir Vinahóll - Kársnesskóli og er eingöngu fyrir foreldra skráðra barna í Vinahóli frístund/ klúbbastarf. Á facebooksíðuna sýnum við myndir frá starfinu, minnum á mikilvæg skilaboð og spjöllum um starfið í Vinahól. Þeir foreldrar sem ekki vilja láta birta myndir af börnum sínum á facebook eru beðnir að láta forstöðumenn vita vinaholl@kopavogur.is.

Hressing

Í siðdegishressingu í Vinahól er boðið uppá brauð með áleggji tvisvar í viku, jógurt, skyr eða ab mjólk tvisvar í viku og öðruvísi brauðmeti, til dæmis skonsur eða flatkökur, einu sinni í viku. Það eru alltaf grænmeti og ávextir í boði með hressinguni og á föstudögum bjóðum við uppá kakó eða djús.

Við fáum að nýta matsalinn í skólanum fyrir hressingu og frístundaleiðbeinendur sjá um að skammta fyrir krakkana. Við fáum aðstoð frá skólaliðum sem smyrja hressingu fyrir okkur.

Kl. 13:20 - Börn sem fara í fyrri frístundarútu og labba snemma á æfingar

Kl. 13:40 - 1. bekkur

Kl. 14:00 - 2. bekkur

Kl. 14:30 - 3. og 4. bekkur, eftir klúbbastarfið

Dæmi um matseðill:

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Brauð með áleggji, osti og smjör	Skyr	Flatkökur með hangikjöti eða smjöri	AB mjólk með cheerios	Brauð með sultu
Vatn og mjólk	Vatn	Vatn og mjólk	Vatn	Kakó eða djús
Ávextir og grænmeti	Ávextir og grænmeti	Ávextir og grænmeti	Ávextir og grænmeti	Ávextir og grænmeti

Öryggi og verkferlar

Inn- útskráningar barna

Í byrjun hvers dags er farið yfir fjarveru barna í Mentor. Börnin eru skráð inn kl. 13:20 eða um leið og skóla lýkur í Vínahól og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför.

Barn mætir ekki

Ef barn mætir ekki á skráðum degi er haft samband við ritara og kennara og leitað eftir upplýsingum sem gætu útskýrt fjarveru þess. Leitað er í húsnæði skólans og á skólalóð og haft verður samband við foreldra og lögreglu ef þarf.

Barn finnst ekki

Ef barn finnst ekki er hringt í foreldri og athugað hvort möguleiki sé á því að barn hafi farið heim. Á meðan gera starfsmenn í frístund leit bæði á skólalóð og inn í skóla af barninu. Ef barn finnst ekki er leitað í nærumhverfi í samráði við forráðamenn og hringt er í forráðamenn bekkjafélaga barns til að athuga hvort barnið hafi farið heim til vinar/vinkonu. Ef ekki gengur að finna barnið skal hafa samband við lögreglu í samráði við forráðamenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið sjá sig).

Á ferð með börnin

Þegar farið er í ferðir þá er tekinn nafnalisti, börn talin, börn í tvöfaldri röð, starfsmenn fremst og aftast og dreifa sér á hópinn.

Alvarleg slys

Þegar um alvarleg slys er að ræða þá er veitt fyrsta hjálp hringt í 112 og skýrsla gerð. Haft er samband við foreldra strax.

Smávægilegir áverkar

Gert er að áverkum með búnaði í sjúkrakassa sem er staðsettur á skrifstofu forstöðumanna. Haft er samband við foreldra og upplýst þeim um að slys hefur átt sér stað.

Rýmingaráætlun

Ef að viðvörunarkerfi fer í gang þá er húsnæði rýmt. Börnin fara í bekkjaraðir á skólalóð, skráningar blöðin tekin og fram fer nafnakall.

Innra mat

Forstöðumaður fundar með starfsmönnum í upphafi dags kl. 13:00- 13:20 þar sem starfsmenn geta tjáð sig og sagt sínar skoðanir á starfinu. Deildarstjóri fundar með starfsmönnum einu sinni í mánuði og skólastjóri einu sinni á hvorri önn. Farið er yfir dagleg mál, rætt um hvað betur má gera og skipulag í heild.

Á vorönn eru tekin starfsmanna samtöl þar sem hver starfsmaður fær að setjast með forstöðumanni og rætt er um líðan starfsmanna í starfi og hvað starfsmönnum finnst um starfið.

Ytra mat

Í janúar var send út könnunn um starfið í frístund á foreldra allara barna skráða í Vinahól. Margir foreldrar sögðust vera yfir höfuð ánægð með starfið í Vinahól og samskipti við forstöðumenn. Það sem kom helst fram í könnuninni að mætti fara betur var að foreldrunum fannst vanta betra upplýsingaflæði, sérstaklega um það sem er gert dagsdaglega og um að hafa hollari valkosti í hressingu. Við höfum bætt upplýsingaflæði með því að senda oftár út pósta og setja inn fleiri færslur inná Facebook hópinn okkar með upplýsingum um daglega starfið okkar. Við bættum við grænmeti á matseðilinn okkar og breyttum um hvernig jógurt við bjóðum uppá til að hafa hressinguna hollari.

Annað sem margir foreldrar nefndu í könnuninni voru áhyggjur þeirra af húsnæðinu okkar en mörg þeirra tóku fram að þau gera sér grein fyrir að við erum í tímabundnu húsnæði og vonandi lagast þetta þegar við erum flutt í nýju skólabygginguna.

Símenntunaráætlun

Starfsmenn Vinahóls fara á námskeið í skyndihjálpi á tveggja ára fresti á vorönninni sem skólinn býður uppá. Í byrjun hvers skólaárs og eftir þörfum er farið yfir með starfsmönnum yfir þarfir þeirra barna sem þarfnast stuðnings í frístund.

Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir reglulegri endurmenntun bæði fyrir stjórnendur sem og starfsfólk frístunda.

Starfsfólk Vinahóls

Natalia Irena Bronszewska, forstöðumaður Vinahóls.

Snorri Sævar Konráðsson, aðstoðarforstöðumaður Vinahóls

Adrianna Anna Bronszewska, frístundaleiðbeinandi.

Ana Djurovic, frístundaleiðbeinandi.

Arna Björk Gylfadóttir, frístundaleiðbeinandi.

Eva Sigríður Smáradóttir, frístundaleiðbeinandi.

Írena Birta Gísladóttir, frístundaleiðbeinandi.

Kolfinna Bjartney Reynisdóttir, frístundaleiðbeinandi.

Óli Gunnar Ágústsson, frístundaleiðbeinandi.

Rebeca Helena Martinez, frístundaleiðbeinandi

Salka Hlín Jóhannsdóttir, frístundaleiðbeinandi.

Snezana Zeljkovic, frístundaleiðbeinandi.

Weronika Pruszyńska, frístundaleiðbeinandi.

Zofia Szymanska, stuðningsfulltrúi

